



Fundur skólaráðs Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

Dagsetning: 10. mars 2021

Mætt:

Fulltrúar kennara: Harpa Björgvinsdóttir og Margrét Elín Egilsdóttir

Fulltrúar foreldra: Þórunn Sigurðardóttir (á zoom) og Svavar Halldórsson

Fulltrúi starfsfólks: Sonja Rut Arnþórsdóttir

Grenndarfulltrúi: Borghildur Alfa Arnbjörnsdóttir staðgengill Írisar Helgu Baldursdóttur

Stjórnendur: Hildur Sæbjörg Jónsdóttir, Ruth Margrét Friðriksdóttir og Sigríður Jóna Gunnarsdóttir

Stjórn fundar: Hildur Sæbjörg Jónsdóttir skólastýra

Efni fundar:

1. Innra mat - áherslur og umbætur
2. Þróun samninga við sveitarfélagið - sérkennsla og frístund
3. Umbótaáætlunin í heild
4. Önnur mál

Hildur Sæbjörg hefur fundinn á umfjöllun um ytra- og innra mat skólans. Stiklað á stóru um umbótaáætlun sem gerð var í kjölfar ytra mats. Þegar ytra mat MMS var framkvæmt kom kaflinn um innra mat lakast út. Því er innra mat skólans helsta umræðuefni þessa fundar. Farið yfir það hvað er búið að gera, hvenær og hvernig. Ruth Margrét ritar fundargerð.

1. Innra mat - áherslur og umbætur

Farið yfir þriggja ára áætlun um áherslur og umbætur í skólastarfi og það sem við á fyrir síðasta sem og núverandi skólaár. Farið lið fyrir lið ofan í saumana á umbótapáttum sem þar eru skilgreindir.

1.1 Árangur á samræmdum prófum

Markmið Barnaskólans er að vera alltaf yfir stöðluðu meðaltali sem er 30. Farið yfir niðurstöður prófa 2019 og 2020. Barnaskólinn er vel yfir stöðluðu meðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Markmiði náð bæði á síðastliðnu skólaári sem og núverandi.

1.2 Samstarf við aðra skóla

Markmið skólans er að viðhalda samvinnu við aðra skóla. Rætt um skjal sem er að finna á heimasíðu skólans um samstarf við önnur skólastig, stofnanir og grenndarsamfélagið. Skjalið er hluti úr starfsáætlun skólans sem er í vinnslu. Þar kemur fram hvernig samstarfi við aðra skóla og þá einkum skólaskilum og samstarfi við leikskólann Hjalla er háttað varðandi samfelluna yfir á 5 ára kjarna og svo áfram í Barnaskólann.

Spurning frá kennarafulltrúa á fundi: Má auka samstarf við aðra Hjallastefnu grunnskóla? Rætt og fundarmeðlimir taka undir þá hugmynd að huga að því að koma á vina kjörnum og skrifast á og/eða fara í heimsóknir á milli skóla.

Samstarf við aðra skóla er í góðum farvegi.

1.3 Eftirfylgni með námi og kennslu af hendi stjórnenda

Gátlisti við mat á námi og kennslu í Barnaskólum Hjallastefnunnar kynntur. Gátlistann gerðu Hildur og Ruth með hliðsjón af útgefnum gátlista frá MMS og aðlöguðu hann að hjallísku umhverfi. Hann er hugsaður fyrir stjórnendur til að styðjast við í markvissu áhorfi á kennslu með tilheyrandi endurgjöf til kennara. Listi fyrir starfsfólkssamtöl var sýndur á fundinum en hann rímar við gátlistann við mat á námi og kennslu. Búið er að kjarna þessi skjöl og taka þau í gagnið. Kennarar fengu endurgjöf á kennslu á haustönn auk þess sem samtöl við starfsfólk eru í gangi þar sem kennarar meta sjálfir eigin frammistöðu og fá endurgjöf frá stjórnendum á störf sín. Markmiði náð bæði á síðastliðnu skólaári sem og núverandi.

1.4 Skólapúlsinn og líðan nemenda

Meðal markmiða síðasta skólaárs var að kynna skólapúlsinn ítarlega fyrir skólaráði og í ár að kynna niðurstöður vel fyrir skólaráði. Hvoru tveggja hefur verið gert og því markmiði náð.

Á síðasta skólaráðsfundi voru ákveðin og sett ákveðin markmið varðandi hvaða niðurstöður yrði einblínt á úr skólapúlsinum. Tekin var sú ákvörðun að rýna í fjóra til sex undirþætti sem tengjast velferð og líðan nemenda.

Farið yfir helstu niðurstöður úr skólapúlsinum með áherslu á fyrrgreind atriði. Í Barnaskólanum leggjum við áherslu á í gegnum allt starfið að tryggja velferð nemenda og vellíðan í skólanum. Það er mikilvægt að halda því til haga að rauði þráðurinn í gegnum allt covid tímabilið, og þær áskoranir og skorður sem það hefur sett öllu skólastarfi, hefur ávallt verið að tryggja öryggi og að börnum við skólann liði vel. Það þýðir einfaldlega að vellíðan og öryggi var alltaf fremst í forgangsröðuninni (fram yfir gistingu í vorferð, aukakennara inn í lotur, annarskonar uppbot í starfi o.fl.sem alla jafna er í eðlilegu árferði).

Líðan nemenda í bæði í skólanum almennt og í kennslustundum er að mati foreldra sú að 100% telja að barninu þeirra líði frekar eða mjög vel í skólanum á þessu skólaári miðað við 98,4% skólaárið 2019-2020. Rætt hvaða prósentuviðmið við viljum setja varðandi þessar niðurstöður úr spurningum er varða líðan. Ekki tekin endanleg

ákvörðun.

Spurning frá kennarafulltrúa á fundi: Hefur verið tekið saman umfang eineltis í skólanum? Já samkvæmt niðurstöðum skólapúlsins 3,3% í fyrra og 4,9% í ár en 9,1% á landsvísu í ár. Skólapúlsinn er lagður fyrir í febrúar ár hvert og má því draga þá ályktun af svörum í ár að þar sem 100% foreldra telja barninu sínu líða frekar eða mjög vel í skólanum að mál sem kom upp undir lok síðasta skólaárs hafi skilað sér í svörum í könnuninni í ár. Það mál var tekið fyrir af festu og afgreitt eins hratt og örugglega og unnt var. Ekkert eineltismál hefur borist til skólastjórnenda í ár.

Spurning frá foreldrafulltrúa á fundi: Er búið að skoða hvers vegna niðurstöður úr skólapúlsinum sýna fram á aðeins minni ánægju í ár en í fyrra varðandi ákveðna þætti varðandi vitund/þátttöku foreldra í náminu? Já skólastjórnendur búa að rýna í. Vangaveltur um hvort og þá hversu mikið af því tengist covid takmörkunum og því að foreldrar hafa fengið takmörkuð tækifæri til að koma inn í skólann þar til nýlega. Að því gefnu að tilslakanir verði meiri með auknu hlutfalli bólusettra á næsta skólaári er ástæða til að skoða og bera þessar niðurstöður saman við niðurstöður næstu könnunar varðandi hversu mikið þetta má tengja covid eða hvort ástæða sé til að rýna nánar í þessi svör með tilliti til annarra þátta.

1.5 Læsi/lestraráherslur

Í þriggja ára áætlun um áherslur og umbætur í skólastarfi voru sett þau markmið að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í læsi barna við skólann og kynna þær skólaráði. Jafnframt að markmið okkar í fyrra og í ár er að 90% barna nái lágmarksviðmiðum MMS að vori og halda kynjajafnvægi í þeim niðurstöðum. Markmiðið náðist í maí 2020 þegar 90% barna náðu lágmarksviðmiðum og kynjamunur var innan skekkjumarka. Í mars 2021 er 93,9% barna við skólann búin að ná þessu markmiði og það hallar á hvorugt kynið. Loks voru skoðaðar meðaltalstölur yfir lesin orð á mínútu undanfarin tvö ár sem koma vel út.

1.6 Mentor - þróunarverkefni

Innleiðing á Mentor er það þróunarverkefni sem hefur verið undanfarin ár í Barnaskólanum. Markmið í áætlun um áherslur og umbætur tengd þessum þætti voru að allt námsmat fari fram í gegnum Mentor og sé í takt við áherslur í Aðalnámskrá. Foreldraviðtöl verði boðuð í gegnum Mentor og kerfið kynnt fyrir foreldrum á námskynningu að hausti. Hæfnikort nemenda eru nýtt í allt námsmat, og sú vinna sem þar þurfti að vinna er öll komin vel á veg. Vegna covid hólfunar o.fl. voru foreldrasamtöl með rafrænu sniði í haust og ekki allir kennarar nýttu Mentor til að boða í þau. Misjafnt hversu ítarlega kennarar fjölluðu um Mentor á námskynningum í haust sem einnig voru rafrænar í stað þess að vera í raunheimum.

Kennarafulltrúi kom með ábendingu þess eðlis að við höfum tækifæri til að bæta okkur þarna. Bæði varðandi boðun í foreldrasamtöl og nýta myndaappið betur því það er mismunandi hversu margar myndir kennarar setja inn af hverjum kjarna. En í haust var rætt á starfsfólksfundi að hver kennari setti tvær myndir af hverju barni í Mentor á mánuði.

Stjórnendur velta því upp hvort foreldrar kunni nægilega vel á Mentor? Foreldrafulltrúi bendir á að það kom upp í umræðunni hjá foreldrafélaginu í fyrra hvort við þyrftum að bjóða upp á fræðslu/kennslu á kerfið. Stjórnendur bentu á að það hefur verið reynt, þá mættu tveir foreldrar. Velt upp hvort þurfi að setja upplýsingar inn á heimasíðu um hvernig er hægt að nýta það.

Grenndarfulltrúi bendir á að sem foreldri hafi hún upplifað Mentor sem algjört torf að skilja til að byrja með.

Foreldrafulltrúi bendir á að á foreldrafélagsfundum hafi verið rætt að foreldrar sakna þess mjög á covid tímum að sjá inn í skólann og skólastarfið. Spyr hvort hægt sé að setja inn myndband hvernig foreldrar eiga að tækla heimalesturinn og veltir því upp hvort hægt væri að ná meira út úr börnunum ef foreldrar byggju yfir fleiri verkfærum til að fylgja eftir lestri heima. Eins hvort hægt væri að setja saman myndbönd af skólanum/skólastarfinu til að sýna hvað er í gangi svo foreldrar fái betri innsýn í starfið. Fundarmeðlimir á skólaráðsfundinum ræddu hversu mikla vinnu á að leggja í að búa til efni sem kannski fáir horfa á?

Verður skoðað af hálfu skólans. Stjórnendur nefna að foreldrar eru ekki að gera það sama og kennarar í skólanum en mögulega hægt að setja fleira efni inn á heimasíðu skólans. Mögulega þurfa foreldrar meiri hvatningu sem gæti verið skýringin á að þessar óskir komi fram.

2. Þróun samninga við sveitarfélagið - sérkennsla og frístund

Hildur Sæbjörg stiklaði á stóru varðandi þróun samninga við sveitarfélagið hvað varðar fjármagn með sérkennslu og frístundastarfi auk þess hvað er á döfinni.

Sérkennsla

- Skólinn hefur starfað með 75% sveigarfélagsframlagi með börnum frá upphafi. Foreldrar greiða skólagjöld til að brúa bilið upp í 100%, nær því ekki í dag.
- Reynt hafði verið að fá fjármagn með börnum með sértækar þarfir svo til frá upphafi skólans fram til ársins 2018.
- Eftir mikla vinnu fékkst fundur með fulltrúum fræðsluráðs árið 2018 og fjármagn fékkst í fyrsta sinn.
- Árið 2019 var skólanum ekki stætt á öðru en neita umsóknum um skólavist barna með sértækar þarfir nema fjármagn væri tryggt.
- Áheyrn og skilningur á mikilvægi þess að fjármagn fylgi börnum sem þurfa á sértækum úrræðum að halda hefur aukist jafnt og þétt undanfarin þrjú ár af hálfu fulltrúa sveitarfélagsins.
- Fáum í ár greidd nokkur stöðugildi með börnum með sértækar þarfir.
- Vinnan sem hefur farið í að afla þessa fjármagns svo skólinn geti boðið öllum börnum nám við hæfi og staðið undir sér fjárhagslega er gríðarleg, mikið magn gagna sem hefur þurft að skila inn.
- Það er í vinnslu að fá nýjan þjónustusamning milli sveitarfélags og skólans. Núgildandi samningur er ekki nægilega skýr og tryggir eingöngu fjármagn með börnum með gríðarlega mikla fötlun, mikinn hegðunarvanda eða ofbeldi. Orðalagið er of loðið og þarfnast lagfæringar svo þessi klausa verði skýrari. Á dagskrá að klára þessa vinnu fyrir skólaslit í vor.

Frístund

- Frá upphafi rekin án fjármagns frá sveitarfélaginu fram til ársins 2018.
- Sumarið 2018 var í fyrsta sinn veitt vilýrði fyrir greiðslu með börnum í frístund fyrir skólaárið 2018-2019. Það skólaár fékkst greiðsla með hluta barna en framlagið hefur smátt og smátt aukist með gerðum nýrra samninga ár hvert.
- Erindi varðandi niðurgreiðslu með sumarfrístund er inni á borði hjá fræðsluráði núna og verður vonandi tekið fyrir í næstu viku viku. Gjaldið fyrir sumarfrístund hefur verið þrefalt hærra í Barnaskólanum en í hinum grunnskólum bæjarins vegna þess að engin niðurgreiðsla hefur borist. Vonumst til að geta borið upp á sambærileg kjör og bjóðast öðrum fjölskyldum í Hafnarfirði.

Aðrir samningar

- Næsta mál til að koma í gegn verður að fá starfsleyfi fyrir 5 ára leikskólustarfið flutt yfir í Barnaskólann. Sem stendur er það hjá Hjalla. Á fundinum voru tíundaðar helstu ástæður þess að það er brýnt að fá starfsleyfið yfir. Hæst ber að ábyrgðin getur ekki verið á tveimur stöðum, það verður að vera skýrt hvar hún liggur. Erindi varðandi flutning á starfsleyfinu er farið frá okkur og við bíðum svara.

3. Umbótaáætlunin í heild

Umfiöllun um umbótaáætlun skólans í kjölfar ytra mats fléttaðist að ákveðnu leyti inn í umræðu fundarins um innra mat sem er einn þriggja meginþátta áætlunarinnar. Farið var hraðar yfir þættina stjórnun og fagleg forysta og nám og kennsla og einkum staldrað við þá þætti sem enn eru í vinnslu. Farið yfir hvaða þáttum er lokið. Grunnskólafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar er upplýstur um að við þurftum að fresta skilum á sumum þáttum í umbótaáætlun og allir samþykkir því á skólaráðsfundi.

3.1 Stjórnun og fagleg forysta

- Skólanámskrá
 - Þurftum að endurskoða skólanámskránnu og passa að hún sé í samræmi við lög og reglugerðir. Búin að vera í skrifum í á annað ár. Fór í yfirllestur til Meyvants Þórólfssonar prófessors í námskrárfræðum nýlega.
 - Bútar úr eldri námskrá og þeirri sem er í skrifum sýndir. Samróma álit á fundinum að ný námskrá sem er í vinnslu er mun aðgengilegri og skýrari.
 - Spurning frá foreldrafulltrúa á fundinum: Er í framhaldinu hægt að gera myndbönd um lotur, t.d. núna erum við í agalotu og við tengjum hana við stærðfræði á þennan hátt. Verður skoðað af hálfu skólans.
- Starfsáætlun
 - Fengum grunn frá Hafnarfjarðarbæ sem verið er að vinna í, var betri lausn að byrja þar heldur en að besta það sem til var.
 - Gríðarlega stórt og viðamikið skjal og allt þarf að standast lög og reglugerðir.

- Spurning frá kennarafulltrúa á fundinum: Er eitthvað um móttöku transbarna í þessari nýju starfsáætlun. Svar stjórnenda er að slíkt er til innan Hjallastefnunnar og verður sett í starfsáætlunina.

3.2 Nám og kennsla

Nám og kennsla: Þessi þáttur kom virkilega vel út í ytra matinu. Á fundinum var rætt um þá þætti sem settir voru í umbótaáætlun sem má nálgast á heimasíðu skólans. Búið að ljúka öllum undirþáttum er varða nám og kennslu.

Hildur Sæbjörg greindi frá því að eftir áhorf ytra-mats fulltrúa á vegum MMS höfðu þær á orði að þær hafi aldrei áður séð svona kennslu þar sem komið er til móts við ólíkar þarfir allra barna í sama kennslurými og það án kennslubóka. Það væri einstakt að sjá og upplifa. Eins var ánægjulegt að heyra að allir rýnihópar í ytra mati nefndu hversu einstakt og hlýlegt viðmót og andrúmsloft væri í skólanum.

3.3 Innra mat

Kaflinn í umbótaáætlun skoðaður í samræmi við umfjöllun um innra mat hér að ofan.

4. Önnur mál á dagskrá

Skóladagatal 2021-2022

Skóladagatal fyrir komandi skólaár borið undir skólaráð. Drög að skóladagatali samþykkt.

Vetrarfrísdagar

Foreldraráð var beðið um að koma á framfæri á skólaráðsfundi þeirri umræðu innan sveitarfélagsins hvort eigi að breyta vetrarfrí úr tveimur dögum fyrir áramót og tveimur eftir áramót í viku eftir áramót og/eða hafa sitthvort skipulagið annað hvert ár. Foreldraráð þarf að skila inn álitum fyrir hönd skólans fyrir 15. mars. Umræður um kosti og galla fyrirkomulags beggja kosta. Niðurstaða skólaráðs var að halda vetrarfrí óbreyttu, tveir dagar sitt hvoru megin við áramót.

Starfsdagur sem var frestað

Rætt um starfsdag sem var lagt til að yrði frestað á haustönn, 16. október 2020. Þar sem ekki var búið að mynda skólaráð var þetta lagt undir foreldrafélag skólans sem einhuga samþykkti tillöguna að fresta þessum degi. Svo fór að skólinn var því opin 16. okt. síðastliðinn í stað starfsdags og hefðbundin kennsla var bæði í leikskóla- og grunnskólaeiningu ásamt því að frístund var opin. Í febrúar voru lagðar tillögur að tveimur dagsetningum fyrir þennan ónýtta starfsdag (sem starfsfólk á inni samkvæmt kjarasamningum) en mótbárur bárust á þeim fundi. Rætt á skólaráðsfundi að skjal verður sett á heimasíðuna þar sem þetta er rökstutt enn frekar. **Samþykkt einróma á skólaráðsfundi að starfsdagur í stað þess sem var frestað í haust verði föstudaginn 9. apríl 2021. Skólinn verður alfarið lokaður þann dag.**

Gjöf frá foreldrafélagi

Fulltrúi kennara spyr hvað er að fréttu af gjöf frá foreldrafélagi. Fulltrúi foreldra segir að mikill vilji sé innan félagsins til að gefa skólanum úti eldunaraðstöðu líkt og starfsfólk hafði óskað eftir.

Húsnæðismál

Miklar líkur eru á að samningur við skátana um leigu á húsnæði verði endurnýjaður fyrir næsta skólaár. Skólinn er enn í vexti og það vantar fleiri fermetra og því brýn þörf á að fara í samtal við sveitarfélagið um að nýta reitina hérna í kringum skólann til að fá varanlega lausn við húsnæðisvanda Barnaskólans. Svavar Halldórsson foreldrafulltrúi ætlar að ræða við arkitekt Hjallastefnunnar og koma þessu máli á framfæri við bæjarstjórnarfulltrúa.

Niðurstaða fundar:

- Uppfærð umbótaáætlun borin fyrir ráðið. Samþykkt og sett með dagsetningu inn á heimasvæði skólans.
- Innra mat - þriggja ára áætlun um áherslur og umbætur í skólastarfinu rædd ítarlega. Skólaráð upplýst um stöðu allra verkefna sem eru þar tilgreind.
- Drög að skóladagatali 2021-2022 samþykkt.
- Umræða um vetrarfrísdaga í sveitarfélaginu. Niðurstaða um að skila inn álitum um óbreytt fyrirkomulag samþykkt.
- Ný dagsetning fyrir starfsdag sem var frestað í haust samþykkt einróma. Starfsdagur verður 9. apríl 2021 og skólinn lokaður þann dag.
- Ákveðið að Svavar Halldórsson taki að sér að koma húsnæðisvanda Barnaskólans á framfæri við bæjarstjórnarfulltrúa.